

Nd.

42. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 99 9. júlí 1941, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Lög nr. 99 9. júlí 1941, um gjaldeyrisverzlun o. fl., eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þegar stjórnin hófst, höfðu ein hin rammauknustu innflutningshöft, sem sögur fara af, staðið hér á landi allmörg ár. Birgðir innfluttra vara voru því löngu til þurrðar gengnar, en af vöruskortinum leiddi hækkað verðlag og aukna dýrtíð.

Þegar ófriðarblikuna dró upp, var í nágrannalöndum okkar lagt hið mesta kapp á að safna birgðum nauðsynjavara. Má fullyrða, að í nágrannalöndum Íslands hafi verið til tveggja til þriggja ára birgðir helztu nauðsynjavara, þegar stjórnin hófst. En Íslendingar héldu uppteknum hætti um innflutningsvarnir, svo að varla gat heitið, að þeir ættu til næsta máls í upphafi ófriðarins. Ástæður fyrir þessum ráðstöfunum hafa alltaf verið sagðar þær sömu: skortur erlends gjaldeyris.

Ófriðurinn hófst. Söluverð islenzkra útflutningsvara hækkaði, skuldir bankanna í útlöndum greiddust og innieignir fóru að safnast. Jafnframt lokuðust fleiri og fleiri viðskiptalönd Íslands og verð innflutningsvaranna fór hækkanði. En innflutningshöftin héldust. Og loks hófst hér eftirlit Breta með innflutningnum.

Hver maður getur séð, hver ógæfa það var, að ekki var hægt að birgja landið, áður en stórfelld hækkan varð á verði innflutningsvaranna og flutningaörðugleikar mögnuðust. Fjárhagslegt tjón, er af þessu leiddi, nemur eflaust milljónatugum og á sinn þátt í dýrtíðinni. Hitt er ekki síður bersýnilegt, hver háski stafar af því fyrir afskekktu eybjóð með lítinn kost flutningaskipa að sitja á ófriðlýstu svæði, óbirg af flestu því, sem hún þarf sér til lífsviðurværis.

En nú hefur sú breyting á orðið, að Bandaríkin hafa heitið að greiða í dollurum

allar útflutningsvörur, sem samið er um, að Bretar kaupi af Íslendingum. Með þeim samningum er fallin burt ástæðan, sem innflutningshöftin byggðust á og hafa stuðzt við til þessa dags.

Um það eru varla skiptar skoðanir, að eins og sakir standa og nú horfir, sé á fáu brýnni þörf en því að birgja landið sem ríkulegast að nauðsynjavörum. En þar eru margir þröskuldar á leið, þótt þessum tveim, gjaldeyrisskortinum og eftirliti Breta, sé úr vegi hrundið. Má þar fyrst telja skipaskort, því skipakostur Íslendinga sjálfra annar hvergi nærri flutningum, er svo er langt til aðdráttá sem nú, er viðskiptin hafa að mestu færzt til Ameríku. En næst má telja sjálfskaparörðugleikana: hina harðvítugu skömmtnun innflutningsleyfa og gjaldeyris.

Til þess að standast kostnaðinn af framkvæmd innflutningshaftanna eru greiddar 2 krónur fyrir hverjar 1000 kr. sem innflutningsleyfi er veitt fyrir. Gjald þetta nam á árinu 1940 um 100 þús. kr., en hrökk þó hvergi nærri fyrir kostnaðinum við innflutningsskömmtnunina. Sá kostnaður varð um 130 þús. kr. Á þessu ári verður þessi kostnaður miklu hærri. Auk þessa kostar vöruskömmtnunin innan lands um 100 þús. kr. Fé þessu væri eðlilegra að verja til þess að greiða fyrir innflutningi en til innflutningshafta.

Fyrst við nú eigum því láni að fagna að ráða nægum erlendum gjaldeyri og að vera leystir undan vöruskömmtnun Breta, ættum við að bregða við sem skjótast og neyta allra tiltækilegra ráða til þess að birgja landið og létta af þeim ægilega háska, sem okkur hefur verið og er búinn af vöruskortu. Ber þá fyrst að fella niður hin úreltu innflutningsbönn og leysa úr hömlum alla þá krafta, sem að því geta unnið að bægja hættunni frá. En þar næst ber ríkinu að neyta allrar orku til aðstoðar við innflutninginn.